

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frimannsdóttur stöðu lögreglumála í Árnessýslu.

1. *Hversu margir lögreglumenn í Árnessýslu stóðu vaktir 1997, hversu margir þeirra höfðu lokið námi í Lögregluskólanum og hver er staðan núna?*

Við áramót 1996–97 voru 26 stöðugildi við embættið á Selfossi, 20 lögreglumenn stóðu sólarhringsvaktir og þeir höfðu allir próf frá lögregluskólanum. Í desember 2000 eru 27 stöðugildi við embættið á Selfossi, 16 lögreglumenn standa sólarhringsvaktir og sex eru án prófs frá Lögregluskólanum.

2. *Hver hefur verið fjölgun íbúa á sama svæði á þessum tíma, þ.e. árin 1997–2000:*

- íbúa með fasta búsetu, heildarfjölgun og skipt niður á ár,*
- íbúa í sumarhúsabyggð, heildarfjölgun og skipt niður á ár?*

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni hefur íbúafjöldi á þessu tímabili verið eftirfarandi, 1. desember hvert ár:

1997	1998	1999	2000
11.475	11.671	11.979	12.277

Engar tölur eru til um búsetu í sumarhúsum, en um áramót 1996–97 voru 3.943 sumarbústaðir í Árnessýslu. Í desember 2000 eru samkvæmt skrár fasteignamats 4.539 sumarbústaðir í umdæmi sýslumannsins á Selfossi. Þar að auki eru í sýslunni tvö stór hjólhýsastæði, á Laugarvatni og í Þjórsárdal.

3. *Hver hefur verið fjölgun skráðra bifreiða í lögregluumdæminu 1997–2000, heildarfjölgun og skipt niður á ár?*

Upplýsinga hefur verið leitað hjá Skráningarstofunni um fjölgun bifreiða í umdæminu. Á yfirliti þaðan má sjá fjölda bifreiða á þessu tímabili og dreifingu þeirra á sveitarfélög í umdæminu, sjá fylgiskjal I. Var heildarfjöldi bifreiða í umdæminu eftirfarandi, 1. desember hvert ár:

1997	1998	1999	2000
6.924	7.221	7.742	8.195

4. *Hversu mörg afbrot voru framin í umdæminu 1997–2000, skipt eftir árum og brotaflokkum?*

Ráðuneytið hefur leitað upplýsinga frá ríkislögreglustjóra um heildarmálafjölda í málaskrá lögreglunnar á tímabilinu og hvernig skiptingin er á milli ára og helstu brotaflokka. Á árunum 1997–2000 var heildarmálafjöldinn eins og hér sést:

1997	1998	1999	2000
3.674	3.290	4.152	3.746

Nánari upplýsingar og sundurliðum á fjölda brota í einstökum brotaflokkum má finna í töflu frá ríkislögreglustjóra um fjölda helstu brota í umdæmi sýslumannsins á Selfossi, sjá fylgiskjal II.

5. *Hver hefur árleg fjölgun stöðugilda í lögreglunni verið á sama tíma?*

Stöðugildum hjá sýslumanninum á Selfossi hefur fjölgað um einn á þessu tímabili en um síðustu áramót var bætt við stöðu fikniefnalögreglumanns. Á sama tímabili hefur stöðugildum lögreglumanna á landinu öllu fjölgað úr 610 í 675 og skiptist það niður á ár með eftirfarandi hætti:

1997	1998	1999	2000	2001
610	622	637	666	675

Nánari upplýsingar um fjölgun stöðugilda innan lögreglunnar eru í fylgiskjali III.

Þess má geta að fjöldi lögreglumanna miðað við íbúafjölda í Árnassýslu er umdæminu fremur hagstæður samanborið við önnur umdæmi. Á hvern lögreglumann eru um 450 íbúar, en í flestum lögreglumdæmum landsins eru fleiri íbúar á hvern lögreglumann, eða rúmlega 800, t.d. í Kópavogi og Höfn í Hornafirði.

6. *Hver hefur verið þróun fjárveitinga á þessum árum, skipt niður á ár?*

Fjárveitingar til löggæslu hafa verið eins og sést í eftirfarandi töflu. Með öðrum fjárheimildum er átt við framlag af safnliðum ráðuneytisins, launabætur vegna kjarasamninga eftir samþykkt fjárlaga, fjáraukalög o.fl. Engin önnur framlög hafa enn komið til á þessu ári. Fjárhæðir eru í millj. kr.

	1997	1998	1999	2000	2001
Fjárlög	96,8	94,8	103,4	113,3	123,6
Aðrar fjárheimildir ...	1,0	7,0	12,6	15,5	
Samtals	97,8	101,8	116,0	128,8	123,6

Fylgiskjal I.

Skráningarstofan hf.:

Heildarfjöldi bifreiða í umdæmi lögreglunnar á Selfossi.

Neðangreind tafla er fjöldi allra bifreiða í umdæmi lögreglunnar á Selfossi í árslok árunna 1997, 1998 og 1999. Fjöldi bifreiða í lögregluumdæminu í árslok ársins 2000 liggur enn ekki fyrir en í lok nóvember 2000 höfðu 863 bifreiðar verið nýskráðar og 403 afskráðar á árinu 2000. Þannig má ætla að fjölgun bifreiða í umdæminu á árinu 2000 verði um 500 bifreiðar.

Sveitarfélag	Sv.Nr	31.12.1997	31.12.1998	31.12.1999
Selfoss	8100	2595	2082	1796
Árborg	8200	0	747	1284
Gaulverjabæjarhreppur	8701	80	72	75
Stokkseyrarhreppur	8702	300	267	233
Eyrbakkahreppur	8703	313	273	253
Sandvíkurhreppur	8704	73	70	67
Hraungerðishreppur	8706	107	109	119
Villingaholtshreppur	8707	134	135	144
Skeiðahreppur	8708	155	144	141
Gnúpverjahreppur	8709	193	199	203
Hrunamannahreppur	8710	432	465	498
Biskupstungnahreppur	8711	338	353	367
Laugardalshreppur	8712	152	167	183
Grímsneshreppur	8713	170	181	171
Þingvallahreppur	8714	25	33	34
Grafningshreppur	8715	22	22	25
Hveragerði	8716	948	954	1067
Ölfushreppur	8717	887	917	994
Selvogshreppur	8718	0	0	0
Grímsnes- og Grafningshr.	8719	0	31	88
alls		6924	7221	7742

Fylgiskjal II.

Ríkislögreglustjóri:

Helstu brot í umdæmi sýslumannsins á Selfossi.

Selfoss	1997	1998	1999	2000
Heildarfjöldi mála í málaskrá lögreglu	3.674	3.290	4.152	3.746

Helstu brot, samkvæmt sundurliðun í ársskýrslu ríkislögreglustjórans

Brotaflokkur	1997	1998	1999	2000
0301 Lögreglumenn, ofbeldi gagnvart lögreglumönnum (106-107)	2	1	3	3
1506 Líkamsárás (217)	13	22	28	23
1507 Líkamsárás, líkamsmeiðingar minni (218.1)	31	17	9	6
1508 Líkamsárás, líkamsmeiðingar meiri (218.2)	6	9	5	6
1599 Líkamsárás, brot gegn lífi og líkama - ýmislegt	1	2		1
1701 Húsbrot (231)	5	2	3	4
1703 Hótanir (233)	5	1	3	8
1704 Ærumeiðingar (234)		1		
1801 Innbrot	138	62	110	82
1851 Þjófnaður (244)	170	93	157	167
1901 Gripdeild (245)	1	1		1
1922 Fjárdráttur - Peningar (247)	1	1	1	
1999 Auðgunarbrot - Ýmislegt		1	2	
2101 Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk 257.1)	199	113	167	129
2102 Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk 257.2)	9	5	5	7
2103 Nyttjastuldur vélknúinna farartækja (259.1)	10	4	8	4
2104 Nyttjastuldur - Annað (259.2)	8	1	1	3
3851 Fíkniefni, dreifing, sala	2	4	6	
3852 Fíkniefni, innflutningur	1	1	1	
3853 Fíkniefni, varsla, neysla	16	19	31	26
3879 Fíkniefni, ýmis fíkniefnabrot	12	4	4	2
6651 Áfengislög, ólöglegur tilbúningur áfengis (Bruggun)	8	2	3	
6657 Áfengislög, ölvun á almannafæri (21. gr.)	73	43	46	37
6679 Áfengislög, ýmislegt	12	3	7	8
7015 Akstur gegn rauðu ljósi (5. gr.)	2	1	1	3
7023 Stöðvunarskylda ekki virt (5. gr.)		2	15	8
7303 Of hraður akstur. Hraðamæling (37. gr.)	1.175	1.235	1.820	1.195
7410 Ölvun við akstur (45. gr.)	127	132	105	76

Tölur um fjölda brota á árinu 2000 hafa ekki verið stemmdar af og ná yfir tímabilið 1. janúar - 30. nóvember 2000

Fylgiskjal III.

Fjöldi lögreglumanna, heimiluð stöðugildi.

Lögregluembætti	1985	1990	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Rannsóknarl. ríkisins	36	41	41	44	44	0	0	0
Ríkislögreglustjórnin						28	31	57
Lögregluskóli ríkisins	1	6	4	4	4	4	5	5
Reykjavík	237	264	261	261	261	289	297	288 *
Akranes	12	11	11	11	11	11	11	11
Borgarnes	5	6	6	6	6	6	7	7
Stykishólmur	9	9	9	9	9	9	9	9
Búðardalur	1	1	1	1	1	1	1	1
Patreksfjörður	4	4	4	4	4	4	4	4
Bolungarvík	3	2	2	2	2	2	2	2
Ísafjörður	14	12	12	12	12	13	13	13
Hólmavík	1	1	1	1	1	1	2	2
Blönduós	4	5	5	5	5	5	6	6
Sauðárkrókur	8	7	7	7	7	8	8	8
Siglufjörður	6	6	4	4	4	4	4	4
Ólafsfjörður	2	2	2	2	2	2	2	2
Akureyri	33	31	31	30	30	31	31	31
Húsavík	9	9	9	9	9	9	9	9
Seyðisfjörður	3	3	5	5	5	6	6	7
Neskaupstaður	2	2	2	2	2	2	2	0**
Eskifjörður	6	7	5	5	5	6	6	9
Höfn	4	3	3	3	3	3	3	3
Vík	1	1	1	2	2	2	2	3
Hvolsvöllur	5	4	4	4	4	4	4	4
Vestmannaeyjar	13	11	11	11	11	11	11	11
Selfoss	22	22	24	26	26	26	26	27
Keflavík	33	38	39	39	39	38	38	40
Keflav.flugvöllur	38	34	33	37	37	34	34	39
Hafnarfjörður	41	39	39	37	40	38	38	38
Kópavogur	23	24	24	24	24	25	25	26
Samtals öll embætti	576	605	600	607	610	622	637	666

* 15 stöður fluttar frá LR til RLS vegna fjarskiptamiðstöðvar, 1 vegna bílamiðstöðvar og 7 nýjum stöðum bætt við.

**Neskaupstaður sameinaður Eskifirði